



Umbætur vegna Ytra mats

Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
1	<i>leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskólann.</i>	Að hafa sem flestar stöður í leikskólanum mannaðar af kennurum.	Áætlað er að auglýsa eftir fagmenntuðum leikskólakennara í deildarstjóra stöðuna í sumar og er starfsfólk hvatt til að fara í leikskólakennaranám.	Leikskólastjóri	Auglýst verður fyrir haustið 2016
2	<i>Skoða ætti hvort hægt er að breyta skipulagi á nýtingu húsnæðis.</i>	Gera aðgang að listasmíðju betri og hafa viðunandi aðstöðu fyrir sérfræðinga sem koma í leikskólann.	Búið er að brjóta vegg á milli tveggja lítilla herbergja og stækka með því listasmíðjuna. En er verið að reyna að finna lausn á aðstöðu fyrir sérfræðinga.	Leikskólastjóri og fræðslunefnd.	Haust 2016
3	<i>Skoða ætti aðkomu starfsmanna að ákvörðunartöku varðandi fagstarf og rekstur leikskólans.</i>	Endurskoða námskrá.	Áætlað er að endurgera námskrá leikskólans næsta vetur og verður hluti af þeirri vinnu að endurskoða allt starf leikskólans með foreldrum, nemendum og starfsfólki.	Leikskólastjóri.	Vor 2017
	<i>Skoða ætti samvinnu stjórnenda og fræðslunefndar.</i>	Betri samvinna.	Leikskólastjóri og formaður fræðslunefndar ræði samvinnuna.	Leikskólastjóri og fræðslunefnd.	Mars 2016
4	<i>Endurskoða þarf skólanámskrá leikskólans með þátttöku starfsmanna, foreldra og barna.</i>	Endurskoða námskrá.	Það er í sjálfsmatsáætlun að endurskoða námskrá í febrúar 2017.	Leikskólastjóri, foreldraráð og fræðslunefnd.	Vor 2017
5	<i>Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár þarf að fá fram</i>	Endurskoða námskrá.	Áætlað er að hafa vinnufundi með starfsfólki og foreldrum haustið 2016	Leikskólastjóri.	Vor 2017



Umbætur vegna Ytra mats

Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
	<i>umræðu um hugmyndafræði og áherslur fyrir leikskólann.</i>		þar sem farið verður yfir hugmyndafræði og áherslur leikskólans.		
6	<i>Æskilegt væri að gera skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.</i>	Endurskoðun skipurits og starfslýsinga.	Leikskólastjóri vinni með starfsfólki og fræðslunefnd að endurskoðun og gerð skipurits.	Leikskólastjóri.	Október 2016
7	<i>Endurskoða ætti dagskipulag leikskólans og auka vægi skipulags starfs út frá námssviðum leikskólans.</i>	Endurskoðun dagskipulags.	Dagskipulagið er alltaf í endurskoðun. Fara sérstaklega yfir það um leið og búið er að endurskoða námskrá leikskólans.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Vor 2017
8	<i>Skoða ætti þátt skapandi starfs í leikskólanum og auka aðgengi barna að efnivið fyrir skapandi starf.</i>	Betri aðstaða og aðgengi að efnivið til skapandi starfs.	Eftir að listasmiðjan stækkaði hefur aðgengi að efniviðnum og öll vinnuaðstaða lagast til muna.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Mars 2016
9	<i>Leggja áherslu á söng, þulur og sögur og auka sýnileika og vinnu með ritmálið.</i>	Aukin áhersla á söng, þulur, sögur og sýnileika og vinnu með ritmál.	Alla mánudagsmorgna er tónlistarstund ásamt því að flesta daga fyrir mat er stutt samverustund þar sem ýmist er sungið, farið í söngleiki eða aðra málörvunarleiki. Einu sinni í viku er markvist farið í námsefnið um hann Lubba þar sem íslensku málahljóðin eru sýnd og sungin, auk þess vinnum við með	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Febrúar 2016



Umbætur vegna Ytra mats

Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
			framburðar- og máhljóðanámsfnið Leikum og lærum með hljóðin, tekin er einn bókstafur fyrir á viku og unnið með hann alla vikuna einnig er lesin saga í ávaxtastund á hverjum morgni. Ásamt því eru þau börn sem þurfa meiri málörvun í málörvunarhóp sem kemur saman einu sinni í viku. Áætlað er að halda því áfram og að starfsfólk kynni sé sögugrunninn og við hefjum vinnu með hann.		
10	<i>Gagnlegt væri að yfirfara efnivið leikskólans og leita leiða til að bæta aðgengi barna að skapandi efnivið.</i>	Yfirfara efnivið og aðgengi barna að skapandi efnivið.	Keyptar hafa verið nýjar hillur með skúffum undir leikföngin og blöð og verkefni sem börnin geta gengið í, ásamt því að við stækkun listamiðjunnar voru settar hillur í hæð barnanna svo þau geta gengið í efniviðinn að vild.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Vor 2016
11	<i>Fylgja eftir áætlun um umbætur í upplýsingagjöf til foreldra.</i>	Betri upplýsingagjöf til foreldra.	Ásamt heimasíðu leikskólans er búið að bæta við vikulegum tölvupósti sem fer til foreldra á hverjum föstudegi, og er hann líka settur inn á lokað svæði foreldra og starfsfólks á facebook. Verið er að vinna að því að setja allar upplýsingar inn á nýju heimasíðu	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Vor 2016



Umbætur vegna Ytra mats

Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
			leikskólans sem er með fleiri möguleikum á undirsíðum og þar af leiðandi er hægt að setja meira af upplýsingum þangað.		
12	<i>Gera þarf aðlögunaráætlun vegna nýrra barna.</i>	Yfirfara aðlögunarbækling og áætlun.	Gerðu var bæklingur í ágúst um aðlögun nýrra barna og er aðlögunaráætlun í honum.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Hverju hausti
13	<i>Gera ætti skriflegan samning um samstarf skólastiganna og meta árlega.</i>	Gera áætlun um samstarf og mat á því.	Setja á skipulega fundi með grunnskólastjóra og kennara yngstastigs.	Leikskólastjóri og grunnskólastjóri.	Hverju vori
14	<i>Leikskólinn og foreldraráð þurfa að fara sameiginlega yfir starfsreglur foreldraráðs og hlutverk.</i>	Bæta samstarf við foreldraráð.	Leikskólastjóri boðar til fyrsta fundar á haustin og les yfir reglur foreldraráðs á þeim fundi ásamt því að reglurnar eru sýnilegar á heimasíðu leikskólans.	Leikskólastjóri.	Hverju hausti
15	<i>Æskilegt væri að leikskólinn setti sér skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.</i>	Yfirfara stefnu og verkferla í stuðnings- og sérkennslumálum.	Leikskólastjóri, sérkennslukennari og fræðslunefnd fari yfir verkferlana með tilliti til verkferla félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og vestur-Skaftafellssýslu.	Leikskólastjóri.	Mars 2016
16	<i>Gera ætti áætlun um hvernig meta á árangur af umbótum í kjölfar innra mats.</i>	Gerð áætlun um mat á árangri af umbótum í kjölfars	Gerð verði áætlun um árangur af umbótum í kjölfars innra mats með aðstoð leikskólaráðgjafa.	Leikskólastjóri og deildarstjóri.	Vor 2016



Umbætur vegna Ytra mats

Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
		innra mats.			
17	<i>Æskilegt er að styrkja þekkingu starfsmanna við innra mat og fjölga þar leiðum.</i>	Fjölga leiðum við innra mat og styrkja þekkingu starfsfólks.	Finna fleiri leiðir til að meta innra starf leikskólans og kynna fyrir starfsfólki.	Leikskólastjóri.	September 2016
18	<i>Æskilegt er að huga að útfærslu á hvíldarstundum barnanna með tilliti til þarfa elstu barnanna.</i>	Huga að útfærslu á hvíldarstund	Þetta er hluti af skipulagi skólans sem alltaf er í endurskoðun og er alltaf skoðaður út frá þörfum barnanna. Hvíldartíminn er eingöngu slökun þar sem við hlustum á sögu í 20 mínútur og reynum að hafa það huggulegt og þægilegt. Elstu börnin sofa ekki í hvíld.	Starfsfólk leikskólans	Alltaf í gangi
19	<i>Æskilegt væri að girða af útileiksvæði við framhlið leikskólans til að auka öryggi barna á leiksvæðinu.</i>		Ekki stendur til að girða af útisvæði við framhlið leikskólans. Öryggi barna er tryggt með því að alltaf séu tveir starfsmenn í útiverunni sem hafa yfirsýn yfir bæði fram- og bakhlið leikskólans.		
20	<i>Mikilvægt að viðhalda góðu trausti og jákvæðum samskiptum innan starfsmannahópsins.</i>	Viðhalda góðu trausti og jákvæðum samskiptum innan starfsmannahópsins.	Halda áfram að vinna í góðu samstarfi við starfsfólkið. Haldir eru 4 starfsmannafundir á ári þar sem farið er yfir hvað við erum að gera og hvernig hægt er að gera betur. Við höfum 4 starfsdaga þar sem við vinnum saman við skráningu Heilsubókar	Leikskólastjóri	Alltaf í gangi



Umbætur vegna Ytra mats Heilsuleikskólinn Kæríbær Kirkjubæjarklaustri 2015-2016

Nr.	Tækifæri til úrbóta	Markmið	Umbætur/aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
			barnsins á tveimur, allt starfsfólk fer saman á þing leikskólakennara 8.deildar á hverju hausti og svo er 4 dagurinn notaður til að fara á námskeið sem við förum öll á saman. Allar þessar ferðir styrkja okkur í samheldni og áhuga á starfinu.		